

Nr. 51.
10.
nóvbr.

22. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra er, eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

23. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 5000 krónur. Til endurskoðenda má verja 300 kr. til hvors.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 52.
10.
nóvbr.

L ö g

um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 15 aura í vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eður önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er út til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vita- Nr. 52.
gjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land. 10.
nóvbr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

H. Hafstein.

L ö g um strandferðir.

Nr. 53.
10.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa hluti í »Eimskipafjelagi Íslands« fyrir alt að 400,000 kr., gegn því, að fjelagið taki að sjer að halda uppi strandferðum umhverfis landið með tveimur eða fleiri strandferðaskipum. Ferðir þessar skal fjelagið hefja svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en í apríl 1916. Um hluttöku fyrir landssjóðs hönd í stjórn fjelagsins, stærð strandferðaskipanna, gerð þeirra og hraða, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta fer eftir samningi milli fjelagsins og stjórnarráðsins.

2. gr.

Náist ekki samningar við »Eimskipafjelag Íslands«, samkvæmt 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að kaupa tvö strandferðaskip, hafi annað þeirra að minsta kosti jafn mikið farþega- og lestarúm og sje að minsta kosti jafn örskreitt og strandferðaskip þau, sem hjer voru í förum árin 1910—1912, og ennfremur heimild til að halda þeim út á kostnað landssjóðs, bæði til strandferða og annara ferða, eftir því sem haganlegast þykir, þegar strandferðum lýkur hvert ár.

3. gr.

Stjórnarráðið semur áætlun fyrir strandferðaskip landssjóðs og ákveður fargjöld og farmgjöld þeirra. Það ræður og afgreiðslumann skipanna, sem jafnframt er reikningshaldari, og ákveður þóknun hans, og stjórnar hann útgerðinni að öllu leyti undir yfirumsjón þess, samkvæmt erindisbrjefi er það setur.